

Alþingi
Erindi nr. þ 138/2451
komudagur 19.5.2010

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150. Reykjavík,

Sent með tölvupósti á netfangið.
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 18. maí 2010.

**Efni: Umsögn Landssamtaka raforkubænda um frumvarp um afnám
vatnalaga 20/2006. (577. mál)**


Vísað er til bréfs nefndasviðs Alþingis dags. 4. þ.m. þar sem Landssamtökum raforkubænda var sent ofangreint frumvarp til umsagnar.

Landssamtök raforkubænda telja að með lögnum nr 20/2006 sem aldrei hafa tekið gildi og nú stendur til að afnema, hafi réttarstaða landeigenda verið skýrð og afmörkuð með afdráttarlausari hætti en var í gildandi vatnalögum frá 1923. Hafi ákvæði nýju laganna tekið mið af réttarþróun og gert stöðu landeigenda að þessu leyti gagnsærri þannig að einfaldara væri að átta sig á henni. Þá telja landssamtökin að lögin sé vel úr garði gerð og að þau stangist ekki með neinum hætti á við önnur ákvæði á sama sviði né við gildandi réttarframkvæmd. Af þessum sökum sé engin ástæða til þess að afnema nú lögin. Þau frumvarpsdrög sem svonefnd „Vatnalaganefnd“ hefur samið eru að mati landssamtaka raforkubænda bæði óskýrari og þyngri í vöfum heldur en lögin nr 20/2006 auk þess sem staða landeigenda er þar illa afmörkuð og þar með óskýr.

Með setningu vatnalaga nr. 15/1923 var tekið af skarið um að landeigendur ættu einir rétt til að hagnýta það vatn sem á landareign þeirra finnst eða um hana rennur, þ.m.t. orkunýtingarrétt. Réttarframkvæmd hefur jafnframt verið með þeim hætti að viðurkenndur hefur verið eignarréttur landeigenda að vatnsorku þegar vatnsföll hafa verið tekin til virkjunar. Eru vatnsréttindi samkvæmt því með sama hætti og jarðefni og jarðhiti undir yfirborði eignarlanda þáttur í eignarrétti landeigenda sem verndar nýtur samkvæmt 72. gr. stjórnarskrár þannig að beint lá við að festa í lög beinan og ótvíræðan eignarrétt til vatnsréttinda, líkt og gert var með lögum nr. 20/2006.

Landssamtök raforkubænda telja þannig að heppilegast væri að lög 20/2006 myndu taka gildi. Ef ekki sé fyrir hendi pólitískur meirihluti fyrir því þá sé eðlilegra að gildistökunni verði frestað enn um sinn á meðan ekki hefur tekist samkomulag um útfærslu nýrrar vatnalöggjafar. Afnám laganna nú gefur vísbendingar í þá veru að markmið stjórnvalda séu þau að þynna út eignarrétt landeigenda með einum eða öðrum hætti á kostnað pólitískrar umræðu um auðlindir í þjóðareign.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka raforkubænda ,


Sigurður Jónsson hrl.